



Leiðbeiningar II. Viðbrögð gagnvart starfsfólki stofnunar

Líkt og sjúklingur og aðstandendur hans verða heilbrigðisstarfsmenn, sem hlut eiga að atviki, fyrir tilfinningalegu áfalli í kjölfarið. Þeir þurfa á stuðningi að halda til að komast yfir áfallið, geta átt eðlileg samskipti við sjúklinga og snúið fljótt aftur til fyrri starfa. Mikilvægt er að til sé skýrt ferli um viðbrögð gagnvart starfsfólki þegar atvik hefur átt sér stað.

Tillögur um viðbrögð

1. Setja á laggirnar skilgreint ferli um viðbrögð gagnvart starfsfólki sem á aðild að atviki.
2. Þjóða upp á einstaklingsmiðaðan stuðning til að mæta mismunandi þörfum svo sem varðandi:
 - Áfallahjálp
 - Leyfi frá störfum vegna áfalls í kjölfar atviks
 - Lögfræðiaðstoð
 - Viðtal við stuðningsteymi.
3. Leiðbeina starfsfólki um með hvaða hætti er best að háttta samskiptum við sjúklinga eftir atvik.
4. Leiðbeina starfsfólki um hvernig það getur stutt hvert annað þegar alvarleg atvik eiga sér stað.